

13

4. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eyðijörðina Grjótæk í Stokkseyrarhreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eyðijörðina Grjótæk í Stokkseyrarhreppi og skipta landi hennar milli ríkisjarðanna Eystri- og Vestari-Grundar í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. marz 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

14

20. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1., 2. og 3. málslíður 1. málsg. 16. gr. laganna orðist þannig:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 18 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 21 virkum degi. Starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. marz 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.